

193

7. okt.

REGLUGERÐ**um holræsi og holræsagjald fyrir Selfosskaupþún.**

1. gr.

Þar, sem hreppsnefnd hefur látið leggja holræsi í götu eða á opnu svæði, á kostnað sveitarsjóðs, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið. Vanræki einhver húseigandi að gera ræsi með hæfilegum fresti, er hreppsnefnd setur, skal hreppsnefndin láta vinna verkið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, sem hreppsnefnd felur umsjá með lagningu holræsa um þorpið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt, sem holræsum utan húss og innan tilheyrir, ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjá alla með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrirætlum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá holræsum, sem liggja í holræsanet þorpsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá hæfa til þess starfs.

3. gr.

Holræsagjald skal greiða árlega af öllum húsum, sem standa við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í. Skal gjaldið lagt á eftir fasteignamati og vera 10 — tíu — pro mille af fasteignamati hvers húss, enda sé lágmarksgjald fyrir hvert hús 60 — sextíu — krónur.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 20%.

4. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og ber hann ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er það tryggt með lögveðsrétti í húsi og öðrum mannvirkjum húseiganda, svo og lóð húseiganda, ef hún er eignarlóð hans, næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Gjaldþagi holræsagjalds er 1. október ár hvert, en kostnaður við lagningu holræsa greiðist að lögn lokinni.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lög-reglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til effirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. október 1943.

Björn Þórðarson.

Vigfús Einarsson.